

beiningum ákveður skráningarráð hvort afturkalla skuli skráningarheimildina.

Samþykkt í skráningarráði, 12. janúar 2006

Frá efnisorðaráði

Í efnisorðaráði, sem skipað er af skráningarráði, sitja Elísabet Halldórsdóttir, Ragna Steinarsdóttir, Þórdís T. Þórarinsdóttir og undirrituð. Hlutverk efnisorðaráðs er m.a. að marka stefnu um efnisorðagjöf í Gegni og gera vinnureglur.

Ráðið hefur m.a. haft forgöngu um námskeið um efnisorð sem haldið var síðastliðið vor. Aðalfyrirlesari þess var Dr. Lois Mai Chan en einnig voru á námskeiðinu innlegg frá meðlimum ráðsins um notkun og val efnisorða í Gegni og hugleiðingar um stefnumótun á því sviði. Ráðið hefur kynnt sér forrit til útgáfu efnisorðalykils, enda er mikil vinna fyrir höndum að samræma efnisorðagjöf í Gegni, þ.e. efnisorðagjöf úr gamla Gegni og efnisorðagjöf í Feng. Augljós þörf er því fyrir nýja útgáfu af *Kerfisbundnum efnisorðalykli* og æskilegt væri að hafa stuðning af forriti til að halda utan um breytingar og viðbætur á lyklinum og auðvelda birtingu hans. Miðað við núverandi aðstæður virðist það hinsvegar ekki í sjónmáli.

Ráðið hefur alls haldið 30 fundi. Frá því í haust hafa eingöngu verið haldnir vinnufundir, alls 15 talsins. Aðalefni þeirra hefur verið samræmingarvinna í efnisorðagjöf vegna sameiningar Fengs og Gegnis. Á fundunum hefur verið farið í gegnum efnisorð og tilvísanir sem flutt voru úr Feng (svið 650#4, áður svið 692), þau borin saman við *Kerfisbundin efnisorðalykil* og efnisorð úr gamla Gegni, þ.e. 690-sviðið í Gegni. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á *Kerfisbundnum efnisorðalykli* í þessu ferli. Nokkrum atriðum þarf að vísa til sérfræðinga eða vinnuhópa og fara þarf í gegnum færslur með tilliti til nýrra efnisorða og notkunar þeirra. Vonir standa til að hægt sé að ljúka því að komast í gegnum skjalið nú í vor og gera viðeigandi breytingar í Gegni. Áætlað er að birta breytingar á lyklinum í byrjun hvers mánaðar á vef Landskerfis bókasafna. Eins og staðan er í dag er aðeins hægt að birta þær

í sérstöku skjali til hliðar við lykilinn sjálfan.

Því miður hefur vinna um val á forriti til efnisorðagerðar legið niðri bæði vegna þess að ekki er vitað til að fé fái til kaupanna og vegna þess að talið var meira áriðandi að fara í þá vinnu sem nú stendur yfir og hefur verið lýst hér að framan. Vinnan við lykilinn og samræminguna er mjög tímafrek og þess vegna hefur ráðið ekki haft nægan tíma til að sinna öðrum þeim verkum sem nauðsynlegt er að sinna í framtíðinni, til dæmis að vinna úr tillögum að efnisorðum sem notendur kerfisins hafa sett í svið 693 og vinna úr efnisorðum í sviði 690. Næstu skref hjá Efnisorðaráði verða því væntanlega að fara í gegnum svið 690 og svið 693, vinna að stefnumótun og gefa út leiðbeiningar um efnisorðanotkun.

Það gefur auga leið að við núverandi aðstæður er vinnuumhverfi fyrir skrásetjara og lyklara afar erfitt, þar sem vinnan við samræmingu efnisorða er tímafrek og gengur líka hægt vegna þess að meðlimir ráðsins hafa einnig starfsskyldur hjá sínum vinnuveitendum.

*f.h. efnisorðaráðs
Guðný Ragnarsdóttir*

Íslensk gögn í Google Scholar

Í febrúar síðastliðnum var leitarvélinni Google veittur aðgangur að hluta af bókfræðigögnum Gegnis og er nú hægt að nálgast þau á Google Scholar, <http://scholar.google.com>. Sá hluti sem tiltækur er, eru höfundarnöfn, titlar og efnisorð bóka og greina. Google Scholar er í þróun og nær kerfið nú meðal annars til samskráa fyrir Ísland, Ísrael, Portúgal, Sviss, Svíþjóð og Ungverjaland, auk margra fleiri gagnasafna. Á vefnum er hægt að nota íslensk leitarorð og þegar niðurstöður birtast má smella á orðin *Find in Gegnir* til að birta færsluna í Gegni. Í nokkrum tilvikum er hægt að komast beint að rafrænu gagni, og á það t.d. við um greinar í *Læknablaðinu* (dæmi má sjá með því að slá inn „heilkeni Sjögrens“ sem leitarorð).

Aðgangur Google að færslum úr Gegni byggir á samkomulagi milli Landskerfis

bókasafna hf. og fulltrúa aðildarsafna annars vegar og milli Landskerfis bókasafna hf. og Google Inc. hins vegar. Samstarfið er framkvæmt með þeim hætti að einu sinni í mánuði eru bókfræðigögn úr Gegni skrifuð í XML skrár sem lesnar eru inn í kerfi Google. Enn á eftir að sníða nokkra vankanta af skráavinnslnunni en þegar fram í sækir verður þessi leið að Gegni trúlega góð viðbót við þann aðgang að samskránni sem fyrir er, einkum fyrir fræðimenn og skólafólk.

Árni Sigurjónsson
Landskerfi bókasafna

Google
Scholar

heikenni Sjögrens Search Advanced Scholar Search
Scholar Preferences
Scholar Help

Stand on the shoulders of giants

[Google Home](#) - [About Google](#) - [About Google Scholar](#)

©2006 Google

Forskráning bóka 2005

Markmið með forskráningu bóka í Gegni er að flyta fyrir að söfn geti með öruggum hætti komið nýjum aðföngum í gagnið. Jafnframt er forskráningu ætlað að draga úr hættu á að sama efnið sé skráð í kerfið oftar en einu sinni.

Framvinda verkefnisins og skýringar

Yfirlit	25. okt. 2005	28. febr. 2006
Forskráðar færslur í Gegni	344	92 (27%)
Fullskráðar + eintök tengd		252 (73%)
Ennþá forskráð en eintök tengd		66 (19%)
Samtals komnar í notkun (eintök tengd)		318 (92%)
Forskráð en engin eintök		26 (8%)

- 344 bækur voru forskráðar á Landsbókasafni samkvæmt upplýsingum úr

Bókatiðindum 2005 (25. okt. var forskráningu lokið)

- 28. febrúar höfðu skrásetjarar íslenskra bóka á Landsbókasafni fullskráð 252 af forskráðu bókunum – (73%)
- 28. febrúar höfðu aðildarsöfn Gegnis tengt eintök við 318 af þessum 344 færslum (sem upphaflega voru forskráðar) – (92%)
- 28. febrúar hafði ekkert safn tengt eintök við 26 af forskráðu færslunum – (8%)

Til skýringar vegna notkunar orðsins „fullskráning“ í yfirlitinu

- 1) Skrásetjarar annarra safna en Landsbókasafns hafa í mörgum tilvikum betrubætt forskráninguna áður en ritin berast Landsbókasafni til skráningar. Ekki eru tiltækar upplýsingar um það hlutfall. Fullskráning merkir hér fyrst og fremst að ekki er lengur í færslu athugasemd um forskráningu en skrásetjarar Lbs – Hbs fjarlægja þá athugasemd þegar færslan er yfirfarin.
- 2) Um forskráðu færslurnar 92 sem eftir standa, þ.e. rit sem ekki hafa borist til skráningar í Landsbókasafni: Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve margar færslur af þeim 66 (72% af 92), sem eru komnar í notkun (eintök tengd), hafa verið betrubættar af skrásetjurum annarra safna en Landsbókasafns.
- 3) Tölurnar í yfirlitinu taka einungis til færslna fyrir rit sem falla undir verkefnið „Forskráning bóka 2005“. Allt annað efni liggur þar fyrir utan.

Hildur Gunnlaugsdóttir
gæðastjóri skráningar

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni

Fréttayfirlit frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni

Árangurssamningur við menntamálaráðuneyti

Þann 29. desember 2005 var skrifað undir árangurssamning milli Landsbókasafns og menntamálaráðuneytis við hátiðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsi. Samningur